

Hagkvæmnisathugun fyrir hitaveitu að
Reykjum í Staðahreppi frá Reykjahver við
Reykjaskóla

María Jóna Gunnarsdóttir

Greinargerð MJG-80-05A

Hagkvæmnisathugun fyrir hitaveitu að Reykjum í Staðahreppi frá Reykjahver við Reykjaskóla. Þessi athugun er viðbót við greinargerð sem gerð var fyrir ystu bæi í Staðahreppi og út kom í febrúar síðast liðinn.

FORSENDUR

Gert er ráð fyrir að vatn sé fengið frá borholu sem er við Reykjaskóla. Þar fæst 90°C heitt vatn. Rúmmál íbúðarhúss á Reykjum skv. Fasteignamati ríkisins er 572 m³. Aflþörfin við hámarksálag er 17.2 KW. Lengd lagnar er 800 m. Hæðarmunur á holu og Reykjum er 40 m. Ekki er reiknað með sérstakri dælingu fyrir Reyki. Leiðsluefni er hitapólin plaströr einangruð með steinullarhólkum. Nafnstaró aðveituaðar er 32. Verð eru miðuð við byggingavísitölu 398 stig.

STOFNKOSTNAÐUR

Lagnir og jarðvinna	5.4 Mkr
Ófyrirséð 15%	<u>0.8 "</u>
	6.2 Mkr

REKSTURSKOSTNAÐUR

Fjármagnskostnaður 9.4%	0.6 Mkr
Viðhald og umsjón	<u>0.1 "</u>
	0.7 Mkr

HAGKVÆMNI

Olíukostnaður til húshitunar á Reykjum, miðað við landsmeðaltalsnotkun 13 l/m³ á ári og olíuverð 155 kr/l, er 1.2 Mkr. Ef reksturkostnaður er borinn saman við olíukostnaðinn fæst að hagkvæmni er 0.5 Mkr á ári. Inn í þessa athugun er ekki tekið blutur Reykja í dælingu og gjaldi fyrir vatnið úr Reykjahver.